

**622. fundur haldinn mánudaginn 17. júlí 2000 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík**

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Jón Kristjánsson, varaformaður
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Sigrún Magnúsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Halldór Bjarnason, varafulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Formaður bauð nýjan varamann Sambands ísl sveitarfélga, Sigrúnu Magnúsdóttur, velkomna, en hún sat nú fund í Ferðamálaráði í fyrsta sinn.

1. Fundargerð 621. fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Samningar um bæklingagerð Ferðamálaráðs árið 2000

Fram voru lagðir samningar um gerð Íslandsbæklinga á milli Ferðamálaráðs og Útgáfuþjónustunnar, sem gerðir höfðu verið með fyrirvara um samþykki Ferðamálaráðs.

Afgreiðsla: Samningarnir samþykktir.

3. Ársreikningur Ferðamálasjóðs.

Reikningurinn var lagður fram til kynningar og umræðu.

4. Úrbætur í Umhverfismálum árið 2001.

Fram var lögð tillaga umhverfisfulltrúa að verkefnum Ferðamálaráðs að úrbótum á fjölsóttum ferðamannastöðum árið 2001. Tillgan var lögð fram nú þrátt fyrir að vinna við fjárhagsáætlun hafi ekki hafist þar sem undirbúningur verklegra framkvæmda tekur verulega lengri tíma en áður m.a. vegna nýrra skipulagslaga.

Afgreiðsla: Samþykkt að tillögurnar yrðu megingrunnur að verkefnum ársins 2001.

5. Ferðamálaráðstefnan 2000.

Fram voru lagðar hugmyndir að tímasetningu, staðsetningu og umræðuefni.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda ráðstefnuna 27. september á Ísafirði og meginumræðuefnið yrði: Tækifæri landsbyggðarinnar í ferðamálum

6. Tillögur vegna niðurstaðna könnunar meðal viðvalarfarþega.

Lagðar voru fram tillögur markaðsstjóra og forstöðumanns í Bandaríkjunum um hvernig skyldi bregðast við niðurstöðunum.

Afgreiðsla: Samþykkt að formaður og ferðamálastjóri tækju upp viðræður við Flugleiðir um framkvæmd tillagnanna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:40